

Einsöngur

Aðalnámskrá tónlistarskóla

„Nám í einsöng hefur talsverða sérstöðu miðað við annað hljóðfæranám. Í fyrsta lagi má nefna þá staðreynd að hljóðfæri söngnemandans, röddin, er hverjum og einum gefin. Hún er hluti líkamans, einstök og óendurnýjanleg. Í öðru lagi eru fyrri kynni söngnema af tónlistarnámi og iðkun tónlistar mjög breytileg. Sumir hafa stundað hljóðfæranám frá unga aldri, aðrir tekið þátt í markvissu kórstarfi og enn aðrir hafa ekki hlotið formlega tónlistarþjálfun. Framangreind atriði geta haft áhrif á framvindu námsins og því getur námshraði nemenda í einsöng verið afar mismunandi.



Nám í einsöng getur hafist þegar nemendur hafa náð líkamlegum þroska og raddir þeirra stöðugleika eftir breytingar gelgjuskeiðsins. Þótt meðalaldur byrjenda teljist 16 til 18 ár er þetta mjög einstaklingsbundið og meta verður hvern einstakling sérstaklega. Nemendur, sem hafa góðar og þjálfaðar raddir, geta farið hratt yfir fyrstu stig í söngnáminu enda mikilvægt að þeir sem stefna að atvinnumennsku í söng komist sem fyrst til náms á háskólastigi.

Einsöngsnám gerir um margt aðrar kröfur til nemenda en nám á hljóðfæri, m.a. varðandi tungumál, framburð, túlkun texta og leikræna túlkun. Mikilvægt er að einsöngsnemendum gefist kostur á tilsögn í þessum efnum og reglulegum undirleikstímum. Enn fremur er æskilegt að söngnemendur læri að leika á önnur hljóðfæri, einkum hljómborðshljóðfæri.“
(Aðalnámskrá tónlistarskóla)